

Starfsnám í meistaranámi

Önn og lengd Nemendur geta sótt um starfsnám í stað valnámskeiðs. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en nemendur fá 6 ECTS einingar fyrir fulla vinnu í fjórar vikur (160 klukkustundir).

Í sérstökum tilvikum er hægt að samþykkja starfsnám sem er styttra eða lengra en fjögurra vikna viðmiðið. Einingar fyrir starfsnám, sem hluti af 90 eininga mastersgráðu, geta þó aldrei orðið fleiri en 12 ECTS einingar.

Hægt er að sækja um starfsnám til umsjónarmanns starfsnámsins. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt upplýsingum um hvenær er óskað eftir að komast að í starfsnám og hver eru helstu áhugasvið umsækjenda.

Námslína Nemendur meistaranámi í menningarstjórnun, alþjóðaviðskiptum, forystu og stjórnun og ML í lögfræði geta sótt um starfsnám.

Forkröfur Nemendur skulu hafa lokið 30 einingum að lágmarki.

Tungumál Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.

Kennari Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeinir honum.

Kennsluaðferðir Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunarinnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.

Innihald og markmið Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum.

Hæfniviðmið Að starfsnámi loknu eiga nemendur að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin. að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum.

Námsmat

Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur sem ber að skila til sviðsstjóra í þeirri námslínu sem hann stundar nám við.

Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemanda og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans.

Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.

Lesefni

Eftir því sem verkefni krefjast.